

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Kinnar, leikskólalóð og íbúðakjarni við Öldugötu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Kinna vegna leikskólalóðar og íbúðakjarna við Öldugötu. Breytingin felst í að aðkomu að bílastæðum er breytt, bílastæðum er fjölgað um tvö stæði og kvaðabundnar lagnir eru færðar inn á lóð. Deiliskipulagið var auglýst frá 7. mars - 11. apríl 2016. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. júlí 2016.

F. h. skipulagsfulltrúa,
Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2016